

**Ed.**

**139. Frumvarp til laga**

[91. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

- 1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.
- 2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómari skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómariinn rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, franferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um raunsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómariinn senda ríkissaksóknara, siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

## 2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm, sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til samræmis við tillögur í frv. til laga um breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður, og vísast um rök fyrir þeirri breytingu til greinargerðar með frv. Réttarfarsnefnd, sem samdi frv. þetta, hefur rætt, hvort rétt sé, að sjóferðapróf verði hér eftir á verksviði sakadóms. Nefndin komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri, að dómara á bæjarþingi eða aukadómþingi færu með prófin, eins og verið hefur. Skiptir þetta álitaefni aðallega máli í Reykjavík, en þar hafa dómara í einkamálum lengi annast próf þessi. Dómara er að sjálfsgöðu ætlað að kalla til sérfróða menn eftir almennum reglum þar að lútandi.

Ef í ljós kemur, að refsíákvæði hafa verið brotin, fer síðan eftir almennum reglum um opinber mál. Þó getur ríkissaksóknari eftir sem áður lagt mikilvæg mál fyrir Siglingadóm.

Í 2. og 3. mgr. 1. gr. frv. er byggt á 206. gr. laga nr. 85/1936, en lagt er til, að sú grein verði afnumin. Í 4.—7. mgr. er byggt á núgildandi reglum í 40. gr. laga nr. 52/1970.